

HÖRGÁRSVEIT

Reglur um meðferð umsóknar um leikskóladvöl

1. Umsókn frá foreldri/forráðamanni barns með lögheimili í Hörgársveit um leikskóladvöl á Álfasteini, skal útfyllt á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Álfasteins. Leikskólastjóri móttækur umsóknir og afgreiðir þær. Mikilvægt er að umsóknin sé nákvæmlega útfyllt og það komi fram hvenær óskað er eftir að barn byrji.
2. Hægt er að sækja um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Foreldrar sem hyggjast flytja í Hörgársveit geta sótt um leikskóladvöl, en barn getur aðeins fengið úthlutað leikskóladvöl þegar lögheimili hefur verið flutt.
3. Aðalinnritun í leikskóla fer fram í apríl ár hvert. Mikilvægt er að umsókn hafi borist fyrir 1. mars það ár sem barnið á að innritast. Þeir sem sækja um leikskóladvöl eftir 1. mars geta ekki vænst þess að fá leikskólapláss fyrr en ári seinna. Þetta á jafnt við um forgangshópa sem og aðra. Umsóknir raðast á biðlista eftir kennitölum barna, þau elstu fyrst.
4. Til að barn geti hafið dvöl í leikskólanum Álfasteini, þarf það að hafa náð 12 mánaða aldri, hafa lögheimili í Hörgársveit og laus dvalarrými að vera til staðar. Öllum umsóknum er svarað í apríl til maí og óskað eftir staðfestingu. Hafni forráðamenn leikskólaplássí færast umsóknin aftast á biðlista.
5. Forgang í leikskólann hafa (í þessari röð) :
 - a. Börn með sérþarfir, þar sem fyrirliggjandi er greining frá viðurkenndum greiningaraðilum.
 - b. Börn er búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati velferðarsviðs Akureyrar.
 - c. Börn sem eiga systkin á Álfasteini.
 - d. Börn starfsfólks skóla í sveitarfélaginu, sem á lögheimili í Hörgársveit, geta færst frammar í forgangsröð sé það talið nauðsynlegt til að tryggja starfsemi skólanna.
6. Afgreiðsla leikskólastjóra á umsókn skv. þessum reglum er stjórnarsýsluákvörðun og getur foreldri óskað eftir endurupptöku ákvörðunarinnar eða kært hana til æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. erindisbréfs fyrir fræðslunefnd.
7. Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn Hörgársveitar 26. nóvember 2022, sbr. tillögu fræðslunefndar 18. október 2022, skv. 24. gr. erindisbréfs fyrir fræðslunefnd og öðlast strax gildi.